

Samráðsnefnd um sameiningu sveitarfélaga

11. fundur í samráðsnefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2, föstudaginn 4. febrúar 2022, kl. 08:30.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson formaður. Siggeir Stefánsson og Miriam Blekkenhorst. Frá Svalbarðshreppi; Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður (fór af fundi kl.10:15), Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Skúlason. Einnig sátu fundinn Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar, Róbert Ragnarsson ráðgjafi, Gunnar Már Gunnarsson verkefnisstjóri „Betri Bakkafjarðar“ og Freyja Siggeirsdóttir í fjarfundarsambandi og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Á fundinn mætti Gunnar Már Gunnarsson verkefnisstjóri „Betri Bakkafjarðar“ undir 1. lið.

Dagskrá

Formaður setti fund og kynnti dagskrá.

- Gunnar Már Gunnarsson verkefnisstjóri „Betri Bakkafjarðar mætir á fundinn og svarar fyrirspurnum**
- Atvinnumál og nýsköpun**
- Stjórnskipan**

Fundargerð

1. Gunnar Már Gunnarsson verkefnisstjóri „Betri Bakkafjarðar“

Gunnar gerði frekari grein fyrir þeim aðgerðum sem lagt hefur verið í samkvæmt verkefninu „Brothættar byggðir. Bakkafjörður formlega tekinn inn í verkefnið „Brothættar byggðir“ 2019 en það nær yfir Bakkafjörð og dreifbýli. Ráðherra skipaði nefnd til að hafa umsjón með verkefninu. Staðan í atvinnumálum var mjög slæm og íbúum hafði fækkað um helming. „Samfélagssáttmáli“ gerður þar sem allar upplýsingar koma fram um ástand, horfur og framtíð. Haldinn íbúafundur þar sem sáttmálinn var kynntur.

Staða mála og stjórnsýsla. Byggðastofnun heldur utan um verkefnið og setur saman stjórn þess en verkefnið sjálft fer í gegn um svæðisstjórn SSNE. Verkefnisstjórnin úthlutar úr sjóði til verkefna á Bakkafirði og hafði í ár 8,8 milljónir til úthlutunar en 17 umsóknir bárust. Verkefnisstjórn fylgir verkefnum eftir. Verkefninu á að ljúka 2023/2024 og ekki ákveðið hvað tekur við. Mikilvægt að það haldi áfram.

Spurt um fjallskilamál og hugsanleg framlög til þeirra, einnig um framgang og eftirfylgni verkefna sem úhlutað hefur verið til. Spurt um skólamál, leik- og grunnskóla.

Birni og Róbert falið að koma með texta fyrir næsta fund í samráðsnefndinni um niðurstöðu af viðræðum við Gunnar Mátta um framtíð verkefnisins.

Til máls tóku: Róbert, Þorsteinn, Siggeir, Sigurður, Jónas, Þorsteinn, Gunnar Mátta, Róbert, Gunnar, Þorsteinn, Siggeir, Gunnar, Þorsteinn, Jónas, Siggeir, Sigurður, Jónas, Þorsteinn, Siggeir, Mirjam.

2. Atvinnumál og nýsköpun

Fjarðarvegur 5 eða Landsbankahúsið, Beitningahöllin, Forystufjársetrið, sjávarútvegur, Finnafjarðarverkefnið. Texti um framtíðarsýn um atvinnumál inn í nefndina. Sótt um í Jöfnunarsjóð um framlag til klasa á Fjarðarvegi 5. Sýslumaður hefur fengið framlag vegna starfsmanns á Þórshöfn út árið og möguleiki á að búa til stærri starfsstöð sýslumanns. Nota texta í bréfi til Jöfnunarsjóðs til að setja inn sem punkt í niðurstöður nefndarinnar. Hvaða möguleika höfum við til að styrkja fyrirtæki sem vilja koma á staðinn? Ekki mögulegt í dag.

Til máls tóku: Þorsteinn, Jónas, Róbert, Þorsteinn, Róbert, Þorsteinn, Siggeir, Sigurður, Sigríður,

3. Stjórnskipun nýs sveitarfélags

Róbert hefur sett upp drög að stjórnskipulagi sameinaðs sveitarfélags. Drög að samþykktum og erindisbréfi fyrir dreifbýlisráð. Málinu frestað til næsta fundar.

4. Næsti fundur

Tillaga um mánudaginn 7. Febrúar kl. 16:00

5. Önnur mál

- a) Fjallskil, spurning hvort tillaga um óbreytt ástand þar til ný sveitarstjórn tekur við standist miðað við jafnræðisreglu o.fl. Tillagan getur staðist miðað við stöðu mála í öðrum sveitarfélögum. Hugsanlega þarf að færa sterkari rök fyrir tillögunni og kynna hana betur.

Til máls tóku: Þorsteinn, Sigurður, Sigríður, Siggeir, Jónas, Mirjam, Sigríður, Mirjam, Siggeir, Mirjam, Þorsteinn, Mirjam

Fundi slitið kl. 10:35